

greinargerðar af hálfu stefndu. Allir þessir frestir voru samkvæmt ósk stefndu með samþykki stefnanda. Hinn 5. maí sl. var greinagerð af hálfu stefndu ekki enn til staðar, og synjaði umboðsmaður stefnanda um frekari fresti og krafðist dómstöku málsins.

Umboðsmaður stefndu óskaði eftir vikufresti til framlagningar greinargerðar, og var krafist úrskurðar dómars, sem hafnaði frekari fresti og úrskurðaði, að málið skyldi dómtekið. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.500.-.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Pétur Jónsson, Barónsstíg 13, Reykjavík, og Baldur Jónsson, Álfhólsvegi 149, Kópavogi, greiði in solidum stefnanda, Straumi h.f., Ísafirði, kr. 199.798,00 auk 37% ársvaxta frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim tíma til 10. mars 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 21.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1985.

Nr. 48/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Árna Þór Friðrikssyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabótakröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákærvalds með stefnu 11. desember 1984 og þess krafist, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum gerð refsing. Einnig var þess krafist, að fébætur yrðu hækkaðar. Ákærði vildi una héraðsdómi.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 25. mars 1985.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsíákvæða.

Ákærði var 18 ára, er hann framdi brotin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gunnlaugur Tóbiasson lýsti yfir því fyrir lögreglu 25. október 1982, að hann krefðist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 10.000,00 krónur vegna fata-skemmda og áverka í andliti. Krafa þessi var borin undir ákærða við lögreglufirheyrslu 3. nóvember 1982 og fyrir dómi 1. febrúar 1983, en hann neitaði greiðslu. Við dómsuppsögu 23. október 1984 lagði héraðsdómari fram skriflega bótakröfu frá Gunnlaugi á hendur ákærða fyrir vinnutap, fata-skemmdir og miska, samtals að fjárhæð 27.000,00 krónur. Þessi nýja krafa var aldrei borin undir ákærða.

Jakob Einarsson lýsti því fyrir lögreglu 27. desember 1982, að hann teldi hæfilegt, að ákærði greiddi sér 10.000,00 krónur í þjáningabætur, en áskildi sér rétt til frekari bóta. Þessi krafa var borin undir ákærða við lögreglufirheyrslu 12. janúar 1983 og síðan fyrir dómi 1. febrúar 1984. Kvaðst hann þá samþykkja að greiða reikning fyrir læknisvottorðið, en ekki annað. Fyrir dómi 29. febrúar 1984 krafðist Jakob þess að ákærði greiddi sér 17.000,00 krónur vegna sársauka og miska. Ekki var þessi krafa borin undir ákærða. Þá lagði héraðsdómari við dómsuppsögu í málinu fram vottorð um, að Jakob hefði orðið fyrir launamissi, sem næmi 16.500,00 krónum, vegna áverka þess, er ákærði veitti honum. Þykir verða að líta svo á, að þar hafi verið um viðbótarkröfu að ræða á hendur ákærða, þó að hennar sé ekki getið í héraðsdómi. Ekki var skjal þetta borið undir ákærða.

Kröfugerð þeirra Gunnlaugs og Jakobs hefur samkvæmt framan-sögðu verið hvarflandi og kröfugerð Jakobs óskýr. Bótakröfurnar

hafa ekki verið bornar undir ákærða, eins og þær voru settar fram endanlega. Ber af þessum sökum að vísa þeim frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Þór Friðriksson, sæti 20 daga varðhaldi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Framangreindum skaðabótakröfum er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 23. október 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 23. október, var í sakadómi Sauðárkróks af Hilmar Baldurssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 402/1982. Ákærvaldið gegn Árna Þór Friðrikssyni.

Mál þetta er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 15. júlí 1983, „Á hendur Árna Þór Friðrikssyni, Ægisstíg 2, Sauðárkróki fæddum þar í bæ 21. febrúar 1964, fyrir eftirgreindar líkamsárásir:

I. Aðfaranótt 24. október 1982 við félagsheimilið Bifröst, Skagfirðinga-braut 2, Sauðárkróki, slegið Gunnlaug Tobiasson nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann hlaut sár á vör og bólgnði og marðist í andliti.

II. Þann 23. desember 1982 á Hótel Mælifelli, Aðalgötu 7, Sauðárkróki slegið Jakob Einarsson hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann marðist um hægri kjálkalið.

Teljast framangreind brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærur og refsingum sem hér segir:

1983 á Sauðárkr.: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 4/3 1983.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

I. Ákæruliður.

Aðfaranótt 24. október var ákærði, Árni Þór Friðriksson á dansleik í félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki. Að dansleiknum loknum var ákærði ásamt fleira fólki staddur fyrir utan skemmtistaðinn, skammt þar frá var bifreið, sem í voru þeir Jón Ingi Björgvinsson, er sat undir stýri, og Gunnlaugur Tobíasson, sem var í farþegasæti við hlið ökumanns. Ákærði gekk að bifreið þessari og ræddi við Gunnlaug, sem hafði bilguggann opinn. Ræddu þeir saman skamma stund, en samræðunum lauk með því, að ákærði sló Gunnlaug þrjú hnefahögg í andlitið gegnum opinn gluggann og hljóp að því búnu á brott, Gunnlaugur veitti ákærða eftirför og náði til hans á móts við útstillingarkassa á austurhlið félagsheimilisins, og áttust þeir þar við skamma stund, eða þar til Gunnlaugur hrasaði og féll á jörðina, tókst Árna þá að komast undan.

Áverkar þeir, er Gunnlaugur hlaut umrætt sinn, voru samkvæmt læknisvottorði þeir, að neðri vör var bólgin og sár á innra byrði hennar, mar undir hægra augnloki og eymsli í nefi.

Gunnlaugur telur sig einnig hafa orðið fyrir tjóni á fötum, þar sem þau ötuðust blóði auk þess sem hann hafi misst vinnutekjur vegna áverka þeirra, er hann hlaut, gerir hann kröfu á hendur Árna Þór Friðrikssyni fyrir þetta ásamt miska, samtals kr. 27.000,00

II. Ákæruliður.

23. desember 1982 var ákærði á barnum á Hótel Mælifelli, sat hann við borð ásamt fleira fólki, þar á meðal Þórði Þórðarsyni, sem sat við borðs-enda þann, er sneri að gangveginum. Um kvöldið átti leið framhjá borði þessu Jakob Einarsson. Einhverjar orðahnippingar urðu milli Þórðar og Jakobs, stóð Árni Þór þá upp, gekk á milli þeirra, ýtti við Jakobi og sló hann síðan eitt högg á kjálkann hægra megin, án þess að Jakob hefði slegið til hans að fyrra bragði.

Samkvæmt læknisvottorði brákaðist kjálkabein Jakobs ekki við höggið, heldur marðist hann illa, og blæddi að líkindum í hægri kjálkalið.

Jakob Einarsson gerir þær kröfur, að ákærði greiði sér kr. 17.000 vegna vinnutaps, kostnaðar svo og miska.

Ákærði fellst ekki á að greiða neinar bætur til tjónþola, þeirra Jakobs

Einarssonar og Gunnlaugs Tóbiassonar, utan það að greiða læknskostnað til Jakobs.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins þykir vera sannað, að ákærði, Árni Þór Friðriksson, hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru og varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þegar ákærði framdi þá verknaði, sem hann hér er ákærður fyrir, var hann 18 ára gamall og hafði ekki áður orðið uppvís að líkamsmeiðingum eða skyldum brotum. Auk þess er ljóst, að líkamstjón það, er hann olli með brotum sínum í máli þessu, er litilsháttar í báðum tilvikum.

Með tilliti til þessa telur dómariinn rétt samkvæmt heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að fresta ákvörðun refsingar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja og skuli hún falla niður að þeim tíma liðnum, enda haldi ákærði hið almenna skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955, og einnig er það skilyrði sett niðurfellingu refsí-ákvörðunar, að ákærði greiði að fullu þær bætur, sem honum er gert að inna af hendi í dómi þessum, samanb. 6. tl. 4. mgr. 57. gr. alm. hgl., sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði bætur, sem teljast hæfilega ákveðnar, til Gunnlaugs Tóbiassonar kr. 7.000 og Jakobs Einarssonar kr. 4.500, skulu bætur þessar hafa verið greiddar innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa.

Ennfremur greiði ákærði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Árna Þórs Friðrikssonar, skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda sé almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940 haldið svo og skilyrði 6. tl. 4. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði bætur til Gunnlaugs Tóbiassonar, kr. 7.000,00, og Jakobs Einarssonar, kr. 4.500,00, innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.